

ÁLYKTUN KJARANEFNDAR OG STJÓRNAR LEB UM KJARAMÁL ELDRA FÓLKS

á Landsfundi LEB 2022

Er eldra fólk óhreinu börnin hennar Evu ?

Ályktun kjaranefndar og stjórnar LEB um kjaramál eldra fólks

Fimm staðreyndir um kjör ellilífeyristaka

1. Lífeyrir frá almannatryggingum er megin hluti tekna stórs hóps lífeyristaka og svo mun verða um langa framtíð.
2. Lífeyrir frá almannatryggingum hefur ekki haldið í við launaþróun. Í dag eru lágmarkslaun 368.000 kr. en ellilífeyri 278.271 kr. Munurinn er 89.729 kr.
3. Kaupmáttur lífeyristaka hefur rýrnað m.a. vegna þess að árleg hækkun er undir hækkun verðlags samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í dag er verðbólga 7,2% en ellilífeyri hækkaði um síðustu áramót um aðeins 3,8%. Það vantar því 3,4% prósentustig svo að kaupmáttur ellilífeyris haldist milli ára.
4. Hluti lífeyristaka býr við mikla fátækt sem er til komin vegna þess að ellilífeyrir frá almannatryggingum er ekki í samræmi við framfærsluviðmið og vegna gríðalegra skerðinga í almannatryggingakerfinu.
5. Þrátt fyrir áralanga baráttu eldri borgara hefur vilji stjórnvalda til þess að bregðast við bágrri fjárhagslegri stöðu ellilífeyristaka verið mjög takmarkaður.

Krafa eftirlaunafólks er að lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en lágmarkslaun.